

Skilgreining á þjónustuflokkum

Þjónustuflokkur I

Einstaklingar sem þurfa stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. Ekki þörf fyrir næturvakt.

Þjónustuflokkur II

Einstaklingar sem þurfa stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, stuðning við flestar athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. Einstaklingar sem fá aðstoð skv. þjónustuflokki II geta þurft viðvarandi stuðning. Engin næturvakt er í þjónustuflokki II í kjörnum sem eru skilgreindir fyrir geðfatlaða en næturvakt þarf að vera í kjörnum fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Þjónustuflokkur III

Einstaklingar sem þurfa viðvarandi stuðning við allar athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. Einstaklingar sem fá aðstoð skv. þjónustuflokki III þurfa viðvarandi stuðning vegna hegðunar og / eða umönnunar. Næturvakt er í öllum kjörnum.

Þjónustuflokkur IV

Einstaklingar sem þurfa viðvarandi stuðning við allar athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. Einstaklingar sem fá aðstoð skv. þjónustuflokki IV þurfa viðvarandi stuðning vegna hegðunar og / eða umönnunar. Tvær næturvaktir eru í öllum kjörnum.